

Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB þriðjudagur 26. apríl 2011 kl. 19:15 í K-húsi

Mættir: Elsie, Herdís, Lúðvík, Sigurbór, Hjördís, Harpa, Anna, Falur, Guðmundur, Anthony, Júlíus, Helga og Kolla fyrir hönd fjáröflunarnefndar (tók þátt í umræðu um Landsbankamót).

Sigurbjörg var erlendis og Elín Rós boðaði forföll.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt án athugasemda.

2. Starf í hópum

Það hefur ekki verið þjálfarafundur frá síðasta fundi. Næsti þjálfarafundur verður n.k. mánudag, þar verður m.a. fjallað um markmiðasetningu og hvort við séum að ná settum markmiðum í einstaka hópum. Eins verður m.a. fjallað um áherslur næsta tímabils.

3. Landsbankamót

Rætt var um Landsbankamótið. Falur fór yfir stöðu mála með hópstjórum, m.a. kom fram:

- Foreldrafundur fimmtudag 28.4 kl. 19:30.
- Pulamál. Hjördís, athugar með tónlistar - sambandsleysi sem kom fram á páskamóti.
- Tækniherbergi. Sibba, Harpa, Munda og Gummi í tækniherbergi.
- Dómaramál. Sigurbór smalar saman dómurum. Þurfum að ákveða fyrirkomulag dómgæslu fyrir 8 ára og yngri, en ljóst að fullmanna þarf fyrsta hluta vegna móts sem verður skotið inn fyrir eldri sundmenn, sem sýning.
- Holtaskóli. Júlli reddar fólki í húsgæslu og athugar með Eurovision.
- Fjáröflunarnefnd sér um sjoppu og mötuneyti.
- Verðlaunapeningar. Lúlli búinn að taka saman lista út frá upplýsingum frá Anthony ... og þá einnig vegna lokahófs. Lúlli sér um panta, fá Böddu til liðs við sig og skipuleggja verðlaunaafhendingu á mótinu. Ant mun fela þjálfurum að afhenda verðlaun innan hópa.
- Dagskrá. Það þarf að bæta við 100 fjór, Gummi og Ant sjá um það.
- Elsie mun skrá riðlastjóra.

4. Landsbankamót - Uppskeruhátið

Rætt var um uppskeruhátiðna, sem haldin verður sunnudagskvöldið eftir Landsbankamót. M.a. kom fram:

- Lokahóf, lokafrestur 9. maí. Verð 2.800.
- Fólk mun greiða með millifærslu á heimabanka og senda staðfestingarpóst á Guðnýju gudnymagg@gmail.com ... ef fólk vill greiða á annan máta þá hefur það samband við Guðnýju. Upplýsingar um reikning verða sendar í tölvupósti og settar á heimasíðu.
- Anna athugar hvort þulir er til í að taka að sér veislustjórn.

5. Þjálfaramál á næsta tímabili

Ákveðið að betrubæta alla samninga við þjálfara og byggja á reynslu þessa tímabils þar sem margt nýtt hefur verið sett af stað. Einnig er viðbúið að æfingatöflu verði breytt. Í því ljósi er Ant beðinn um að tilkynna að öllum samningum verður sagt lausum fyrir næstu mánaðarmót. Ant beðinn um að kanna hug þjálfara til næsta tímabils. Undirbúningur fyrir næsta tímabil og gerð nýrra samninga hefst strax í byrjun maí, stofnuð nefnd sem skipa Gummi, Ant, Falur, Elsie, Helga, Harpa og Sigurbór sem fær þetta hlutverk. Fyrsti fundur 3. maí. Stefnt að því að skrifa undir samninga við þjálfara í maí, en viðbúið að einhverjir samningar geta dregist lengur.

6. Styrktarsamningar

Gummi mun tala við Olís og Elsie við Langbest.

7. Styrkir til sundmanna og sjóðir sundmanna

Ákveðið að Sundráð ÍRB muni hafa á höndum og stýra ALLRI styrkveitingu til ALLRA sundmanna, hvort sem þeir koma frá K eða N, þ.e.a.s. alla styrki sem sóttir eru til fyrirtækja eða félagsamtaka, þar með talið til aðalstjórna Keflavíkur og UMFN. Ekki er loku fyrir það skotið að Sundráð muni leyfa styrki merka tilteknum einstaklingum og/eða að sundmenn og foreldrar þeirra fái að leita styrkja hjá fyrirtækjum, en það verður þá að gerast með leyfi Sundráðs. Þetta er fyrst og fremst gert til að Sundráð ÍRB geti stuðlað að því að sundmenn sem eru að fara í sama verkefni fái sambærilega styrki og/eða sömu tækifæri til að afla styrkja.

Umræðu um utanumhald sjóða sundmanna frestað til næsta fundar.

8. Uppgjör Bikars og ÍM50

Gummi mun ýta á innheimtu reikninga í tengslum við vinnu við botninn, vegna Bikar uppgjörs. Hann mun einnig hafa samband við Böddu vegna ÍM50 uppgjörs.

9. Skráningar og Felix

Hjördís kynnti nýtt kerfi sem var verið að kynna Keflavík, til að halda utan um félagatal og innheimtu. Ant og Hjördís munu skoða hvort þetta kunni að henta okkur og þá mögulega fyrir næsta tímabil, samhliða því að þau endurskoða fyrirkomulag skráninga fyrir næsta tímabil. Ant sagði frá fyrirkomulagi í NZ, þar sem foreldrar greiða tryggingu, sem verður endurgreidd þegar sundmenn hætta, þá og því aðeins að tilkynnt verði um það formlega og tiltekið form fyllt út. Hugmynd að slíku gjaldi er 10.000.

9. Önnur mál

Skilaboð til foreldra vegna móta og viðburða þurfa að berast tímanlega.

Næsti fundur þri. 24. maí.

Fundarritari,
Guðmundur.